



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Íceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Snjómoksturreglur á vegum í Skútustaðahreppi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi þann 13. janúar 2016 eftirfarandi reglur um snjómokstur í Skútustaðahreppi.

Vegagerðin sér um mokstur á eftirtöldum vegum:

Mokað er alla daga á:

- ✓ Þjóðvegur 1 (norðan vatns)
- ✓ Frá vegamótum Þjóðavegar 1 að Reykjahlíð (sunnan vatns)

Mokað er þrisvar í viku að jafnaði á eftirtöldum leiðum:

- ✓ Grímstaðaafleggjari að ristahlíði
- ✓ Baldursheimsvegur
- ✓ Gautlandaafleggjari
- ✓ Grænavatnsafleggjari

Snjómokstur í Reykjahlíð er í höndum Jóns Inga Hinrikssonar ehf. Ekki er um fasta snjómokstursdaga að ræða heldur er mokað eftir þörfum. Miðað er við að stofngötur séu orðnar færar kl 08:00. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að fella niður snjómokstur ef veður eða veðurútlit er með þeim hætti. Íbúar greiða sjálfir kostnað vegna hreinsunar á bílaplönnum.

Mokstur heimreiða

Mokað er eftir þörfum. Sveitarfélagið greiðir fyrir mokstur á heimreiðum að hámarki þrisvar í viku að jafnaði. Óski ábúendur eftir mokstri umfram það bera þeir sjálfir þann kostnað. Verktakar meta aðstæður og haga mokstri þannig að hagfelldast sé hverju sinni í samráði við ábúendur. Mokuð skal öll breidd vegar heim að bílastæðum og útihúsum. Ábúendur greiða sjálfir kostnað vegna snjómoksturs á heimaplönnum, bæjarhlöðum og bílastæðum.

Eftirtaldir aðilar stunda snjómokstur á heimreiðum í sveitarfélaginu:

Verktaki	Leiðir
Jón Ingi Hinriksson ehf.	Reykjahlíð-Vogar
Porlákur Páll Jónsson	Geiteyjarströnd-Grænavatn-Kálfaströnd-Garður-Skútustaðir-Álftagerði
Félagsbúið Gautlöndum	Hofstaðir-Helluvað- Arnarvatn- Vagnbrekka- Gautlönd- Litlaströnd -plan Stangaraflegg
Sigurður Kristjánson/Sigurbjörn Ásmundsson	Stangarafleggjari
Birgir Hauksson	Grimstaðir-Neslönd-Vindbelgur
Einar Jónsson	Haganes
Eyþór Pétursson	Baldursheimsafleggjarar-Heiðarafleggjari

Hálkuvarnir á þeim leiðum sem ekki eru í helmingamokstri eða á hendi vegagerðarinnar eru á verksviði sveitarfélagsins í samráði við verktaka. Tengiliður sveitarfélagsins vegna snjómoksturs og hálkuvarna er Lárus Björnsson í síma 8624163 eða á netfangið larus@myv.is

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

3. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 20. jan. 2016

Afmælisbörn dagana 21. jan. — 27. jan. 2016

21. Ottó Páll Arnarson.
22. Bergþóra Kristjánsdóttir, Steingrímur Viðar Karlsson.
24. Aðalbjörg Birgisdóttir.
27. Hólmgeir Böðvarsson, Valur Hólm Sigurðarson.

Klipping og litun.

Er að koma í Mývatnssveit að klippa og lita, föstudaginn 22. janúar og laugardaginn 23. janúar. Verð hjá Dísu í Vogum II, efri hæð.

Bestu kveðjur, Íris Ragnarsdóttir hársnyrtmeistari og förðunarfræðingur, skilaboð í sími 891 6252 eða á Facebook ;)



Þorablót, þorablót.

Nokkrir miðar lausir á þorablót Kvenfélags Mývatnssveitar sem verður n.k. laugardag, 23. janúar kl. 20:30.

Áhugasamir hafi samband við Hrafnhildi í síma 866 0311 fyrir kl. 13:00, fimmtudaginn 21. janúar.

Nefndin.





Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kvik.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útivakt, þrif,
símavörslu og annað sem til fellur.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku,
bæði í tali og skrifum.

Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.

Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum
og samskiptum við ferðaskrifstofur er kostur.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðbaðanna
á netfangið friduson@jardbodin.is fyrir lok febrúar.

*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum
í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.
Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn
af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður
þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*



Jarðböðin

þjóða upp á kótelettur í hádeginu
frá kl. 12:00 - 14:00 alla fimmtudaga í vetur.

Verð 1.500 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita
daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna.



Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða til sín næturvörð.

Næturvörður skal sinna næturgæslu, þrifum og fleira sem til fellur.

Áhugasamir skili umsóknum
á póstfangið friduson@jardbodin.is fyrir 19. febrúar.

*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum
í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.
Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin
einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna.
Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður
og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

11. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar. Undir þessum lið var eftirfarandi bókun samþykkt.
Sveitarstjórn færir félags- og menningarmálanefnd og Menningarfélaginu Gjallanda sem undirbjuggu 60. ára afmælisveislu Skjólbrekku bestu þakkir fyrir góða skemmtun.

Fundi slitið kl. 10:05

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Arnheiður Rán Almarsdóttir
Jón Óskar Pétursson

Stundum fara hlutirnir ÖÐRUVÍSI en þú ÆTLAR þér
Það þýðir EKKI að ALLT muni fara illa
Það þýðir heldur EKKI
að ALLT hafi ALLTAF gengið á afturfótunum

NÚNA varir ekki að eilífu
Núna er bara NÚNA
Á morgun er NÝR DAGUR
Ný TÆKIFÆRI munu bjóðast þér
Nýir DRAUMAR verða til í hjarta þér

FRELSAÐU þig frá neikvæðum væntingum
TRÚÐU að þú GETIR það sem þú ætlar þér
Byggðu upp JÁKVÆTT viðhorf innra með PÉR
og með hverjum deginum sem líður
MUN þér ganga BETUR og BETUR ♥

~ Steinnun, Valdimars dóttir

hugarorka

Frá Gjallanda.

Nú er komið að félagsvist #1 hjá okkur í vetur.
Við ætlum að hittast í Reykjahlíðarskóla kl. 20:00
á fimmtudaginn (21. janúar).
Kaffi og konfekt í boði og verðlaun fyrir karla og konur í lok kvölds.
Á síðasta spilakvöldinu munum við svo krýna
spilakóng- og drottningu Mývatnssveitar 2016 (2 bestu skor gilda).
Mætum öll og spilum rassinn úr buxunum!



Jarðböðin - skrifstofustarf.

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða starfsmann
til almennra skrifstofustarfa.

Starfið felur meðal annars í sér reikningagerð, uppgjör,
símavörslu og annað sem til fellur.
Nauðsynlegt er að viðkomandi sé talnaglöggur, nákvæmur
og hafi gott vald á ensku, exel, word ofl.
Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.
Reynsla af bókhaldi, samskiptum við ferðaskrifstofur
og fyrirtækjarekstri er klárlega kostur

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra
Jarðbaðanna á netfangið Friduson@jardbodin.is fyrir 19. febrúar.

Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum
í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.
Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn
af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna.
Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður
og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

29. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 13. janúar 2016, kl 09:15.

Mætt: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson, Arnheiður R. Almarsdóttir varamaður Yngva Ragnars Kristjánssonar og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð landbúnaðar og girðinganevndar frá 7. janúar 2016
3. Málefni Hofsstaða
4. Umsókn um viðbót við rekstrarleyfi
5. Snjómokstursreglur í Skútustaðahreppi
6. Samningur um rekstur Skjólbrekku
7. Bréf Greiðar leiðar ehf dags. 6. nóvember 2015
8. Fundaáætlun sveitarstjórnar janúar – júní 2016
9. Fjármál sveitarfélagsins- yfirdráttarheimild
10. Bréf Markaðsstofu Norðurlands dags. 9. desember 2015
11. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg

Efni til kynningar

Fundargerð stjórnar Eyþings frá 8. desember 2015

Fundargerð stjórnar Hvamms frá 4. desember 2015

Fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms frá 4. desember 2015

1. Afgreiðslur
Varaoddviti Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir setti fund og lagði til að nýjum lið 2. yrði bætt á dagskrá. *Fundargerð landbúnaðar og girðinganevndar frá 7. janúar 2016.* Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.
Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð landbúnaðar- og girðinganevndar frá 7. janúar 2016.
Fundargerðin er í 4 liðum. Eftirfarandi var samþykkt vegna liðar 3:
Sveitarstjórn samþykkir að sækja um styrk til Vegagerðarinnar vegna girðinga í Grímsstaðalandi í samræmi við tillögu landbúnaðar- og girðinganevndar.
Sveitarstjóra falin afgreiðsla málsins. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.
3. Lagður fram tölvupóstur frá Óskari Páli Óskarssyni f.h. Ríkiseigna þar sem fram kemur að ríkiseignum f.h. fjármála og efnahagsráðuneytisins hefur verið falið að kanna áhuga Skútustaðahrepps á að kaupa ríkisjörðina Hofsstaði í Mývatnssveit á

grundvelli 35. gr. Jarðalaga um söluheimild á ríkisjörðum til sveitarfélaga.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í að kanna möguleika á að kaupa jörðina Hofsstaði og felur oddvita og sveitarstjóra að vinna að málinu fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra óskar umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á grundvelli 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um umsókn Gylfa Yngvasonar, kt. 180956-4339, Skútustöðum 2, 660 Mývatni, f.h. Stelli Rósu um viðbót við fyrra rekstrarleyfi, eitt sumarhús. Gylfi er þegar með rekstrarleyfi til sölu gistingar í íbúð.
Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn.
5. Lögð fram drög að snjómokstursreglum í Skútustaðahreppi. Oddviti og sveitarstjóri greindu frá fundi með verktökum þar sem drögin voru rædd.
Sveitarstjórn samþykkir snjómokstursreglurnar og felur sveitarstjóra að auglýsa þær.
6. Lagður fram samningur við Mývatn ehf. um rekstur Skjólbrekku. Samningurinn er framlenging á fyrri samningi og gildir til eins árs.
Sveitarstjórn samþykkir samninginn. Sveitarstjórn felur Félags- og menningarmálanefnd að vinna tillögur að framtíðarhlutverki og nýtingu Skjólbrekku. Nefndin skili tillögum til sveitarstjórnar fyrir 1. júní 2016.
7. Í bréfinu er sveitarfélaginu boðið að nýta forkaupsrétt að nýju hlutafé í Greiðri leið ehf. í samræmi við eignarhlut á árinu 2015. Hlutafjárukningin er í samræmi við ákvæði lánasamnings Vaðlaheiðarganga hf. og ríkisins þar sem Greiðri leið ber að auka hlutafé um 40 milljónir króna árlega á árinum 2013-2017.
Sveitarstjórn samþykkir að nýta forkaupsrétt í samræmi við 2,67% eignarhlut, samtals 1.038.766 kr.
8. Fundir sveitarstjórnar tímabilið janúar - júní 2016 verða samkvæmt eftirfarandi:

Janúar	13. og 27.
Febrúar	10. og 24.
Mars	9. og 30.
Apríl	13. og 27.
Mái	11. og 25.
Júní	8. og 22.
9. *Sveitarstjórn samþykkir að veita Jóni Óskari Péturssyni sveitarstjóra heimild til að sækja um yfirdráttarheimild hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, allt að kr. 30 milljónir, til daglegrar fjármálastjórnunar. Heimildin gildir til 31. desember 2016.*
10. Lagt fram erindi Markaðsstofu Norðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samningi sveitarfélagsins og Markaðsstofunnar.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að boða framkvæmdastjóra MN til fundar við fyrsta tækifæri.